

24. janúar 2018

Fundargerð

Umhverfisnefnd Brimvers-Æskukots

Fjórði fundur var haldinn á skólabókasafni BES á Stokkseyri.

Mætt: Bryndís, Hekla, Hreindís, Hugl, Ívan, Rebekka, Steindór, Sölvi, Urður og Þorbergur. Starfsmenn leikskólans, Elín, Hugborg og Vigdís, Viktoría verkefnastjóri og Hafdís bókasafnsvörður.

Í dag byrjuðum við á því að rifja upp hvað það þýðir að vera í umhverfisnefnd og hvernig maður framfylgir því í daglegu starfi og leik. Hvernig við pössum uppá jörðina okkar og umhverfi, en einnig líkamann okkar. Við skoðuðum lítinn grænfána og sungum lagið okkar um umhverfissáttmála heilsuleikskólans Brimvers-Æskukots sem hljóðar svo:

Stefnan hér í leikskólanum

er sem segir hér.

Göngum vel um náttúruna,

virðum bæði tré og runna

svo dýr og börn á jörðinni geti

lengi leikið sér.

(lag: Gamli Nói)

Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir.

Þar sem að embætti landlæknis og Tannlæknafélag Íslands standa fyrir tannverndarviku 29. janúar til 2. febrúar 2018 tókum við tennurnar fyrir á fundinum í dag og hvernig hægt er að huga betur að tannheilsunni. Við töluðum um það hvernig við hugsum um tennurnar og hvað sé gott og hvað sé slæmt fyrir þær. Einnig hvort

24. janúar 2018

einhverjir væru búnir að missa tennur eða hvort þau væru búnin að heimsækja tannlækninn. Mörg skemmtileg svör komu frá börnunum og góð umræða myndaðist. Börnin voru hvött til þess að ræða við foreldra sína um hvernig við hugsum vel um tennurnar, til dæmis með því að nota tannþráð. Einnig að það sé frábært að æfa sig sjálfur að burstu, en það þarf alltaf einhver fullorðinn að aðstoða okkur og fara yfir hjá okkur, eða að minnsta kosti þangað til við erum orðin 10 ára. Við lásum kafla í bókinni *Við könnum kroppinn* sem fjallar um tannhirðu og unnum tengi verkefni. Þar átti að tengja ýmis matvæli við heilbrigða og óheilbrigða tönn eftir því hvað átti við og gekk það mjög vel. Fundurinn endaði svo á því að myndin var lituð.

Næsti fundur umhverfisnefndar verður haldinn miðvikudaginn 7. febrúar klukkan 10:50 á skólabókasafni BES á Stokkseyri. Foreldrar eru velkomnir á fundinn.